

Olíufélagið hf



Alþingi
Erindi nr. P 117/1166
komudagur 1/12 1993

Reykjavík, 30. nóv. 1993

Nefndadeild skrifstofu Alþingis,
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, deildafulltrúa,
Þórshamri, Templarasundi,
150 Reykjavík.

Frumvarp til laga um skattamál

Olíufélagið h.f. er sammála þeim athugasemdum við lagafrumvarpið að bein áhrif þeirra aðgerða að hækka vörugjöld af bensíni úr 90% í 97% á móti niðurfellingu á landsútsvari eru óveruleg á vöruverð. Hins vegar hefur þessi ráðstöfun áhrif á greiðslubyrði olíufélaganna. Vörugjald er greitt við innflutning þannig að 36% eru greidd við tollafgreiðslu, 20% innan 60 daga og 44% innan 90 daga talið frá komudegi flutningsfars. Hins vegar er gjaldfrestur á landsútsvar að meðaltali eitt ár þar sem landsútsvar ársins 1992 greiðist í eingreiðslu í júlí 1993. Olíufélagið h.f. greiddi í landsútsvar fyrir árið 1992 kr. 55 milljónir. Olíufélagið h.f. telur eðlilegt í samráði við fjármálaráðuneytið að greiðslufrestur vörugjalds verði rýmkaður til að mæta aukinni greiðslubyrði.

Í athugasemdum við lagafrumvarpið kemur fram að hækka eigi bensíngjald og þungaskatt um allt að 5% til að auka vegaframkvæmdir fyrir 250-300 m.kr. Við þessar ráðstafanir mun hlutur opinberra gjalda í bensínverði hækka um 3-4% og vega um 70% af útsöluverði bensíns, sem er með því hæsta sem þekktist í Evrópu.

Að lokum vill Olíufélagið h.f. vinsamlegast benda á að í töflu á bls. 16 á að standa hækkun vörugjalds en ekki bensíngjalds á móti niðurfellingu landsútsvars á olíufélög.

Virðingarfyllst,
f.h. OLÍUFÉLAGSINS H.F.

Bjarni Bjarnason